

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni dómstóla.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinna Héraðsdómur Austurlands, Héraðsdómur Norðurlands eystra, Héraðsdómur Norðurlands vestra, Héraðsdómur Reykjaness, Héraðsdómur Reykjavíkur, Héraðsdómur Suðurlands, Héraðsdómur Vestfjarða, Héraðsdómur Vesturlands, Landsréttur og Hæstiréttur Íslands?*

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er kveðið á um að dómendur fari með dómsvaldið og að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi fyrir dómstóli. Þannig er það lögbundið verkefni dómstóla, hvort sem það eru héraðsdómstólar, Landsréttur eða Hæstiréttur Íslands að dæma í málum sem fyrir þá eru lögð til úrlausnar. Nánar er svo kveðið á um málsméðferð fyrir dómi í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Um dómstólaskipunina, skipun dómara og starfsemi dómstóla er nánar kveðið á um í lögum um dómstóla, nr. 50/2016.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna hvers dómstóls og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Fjárfamlög til dómstóllanna fjárlögum fyrir árið 2020 eru 3.379,3 millj. kr. Þar er svo nánar greint á milli fjárfamlaga til dómstólasýslunnar og héraðsdómstóllanna, Landsréttar og Hæstaréttar Íslands. Hvorki er lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi né í bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.